

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/2584*  
*komudagur 21.5.2012*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

21. maí 2012

**Efni:** *Umsögn Sparisjóðs Höfðhverfinga (SPSH til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp til breytinga á lögum um um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, með síðari breytingum (innheimta iðgjalds). Þingskjal 1254, 763 mál.*

---

Almennt

Lagt er til að einfalda fyrirkomulag það sem notað er við innheimtu iðgjalds TIF af innlánsstofnunum og að hægt verði á innborgunum í TIF sjóðinn. Ennfremur er lagt til að komið verði upp einfaldara og rörkréttara mati á áhættu þeirri sem TIF ber af hverri innlánsstofnun. Eftirfarandi eru athugasemdir og tillögur um úrbætur á innheimtu iðgjalda TIF.

1. Eðlilegt er að eingöngu verði lagt gjald á þau innlán sem verið er að tryggja en ekki öll innlán. M.ö.o. þá greiði innlánsstofnanir ekki iðgjald til TIF af innlánnum sem eru lögum samkvæmt ekki tryggð af TIF. Þar er bæði átt við þau innlán sem fara umfram hámarksinnstæðu þr kennitölu og innlán þeirra lögaðila sem ekki njóta tryggingar TIF á innstæður sínar.
2. Að tekið verði tillit til lausafjárstöðu sem er umfram lögboðið lágmark og horft verði til þess að netta út laust fé umfram lögboðið lágmark. Ætla má að m.t.t. áhættu TIF að lausafjárstaða hafi veruleg áhrif á stærð heildarskuldbindingar TIF ef á reynir. Eins og staðan er í dag er hluti innlánsstofnanna yfirfjármagnaður (í formi innlána) með mjög sterka lausafjárstöðu sem skeykir alla mælikvarða varðandi samsetningu fjármögnunar (sérstaklega ef ekki er til staðar eigið fé sem býður upp á umbreytingu lausafjár í útlán). Í þessu samhengi skiptir einnig máli hvort viðkomandi innlánsstofnun skuldar fleirum og í hve miklu mæli heldur en innlánsseigendum því lausu fé mætti ráðstafa til skuldabréfaeigenda við gjaldfellingu áður en til þrots kæmi. Óeðlileg ráðstöfun fyrir þrot fjármálafyrirtækis fæli í sér riftun.
3. Að litið verði til útgáfu viðkomandi fjármálafyrirtækis á sérvörðum skuldabréfum og þeim áhrifum sem veðsetning eigna hefur á endurgreiðsluhæfi fjármálafyrirtækja til innstæðueigenda og annara kröfuhafa ef til þrots kemur. Eðlilegt hlýtur að teljast að þau fjármálafyrirtæki sem veðsetja sínar bestu eignir aðrar en lausafé greiði hærra gjald en önnur.

4. Að heildaráhætta sem TIF ber af viðkomandi fjármálastofnun hafi áhrif á iðgjald hennar, þ.e. að þeir aðilar sem stærðar sinnar vegna, geta einir og sér tæmt TIF sjóðinn greiði hlutfallslega hærra iðgjald en smærri aðilar.

Tillaga:

Innheimt verði eitt iðgjald aðlagð að hverjum aðila fyrir sig að teknu tilliti til framangreindra atriða. Lagt er til að grunngjaldið verði ekki hærra en 0,15% og hæsta gjald ekki hærra en 0,23%. Viðbætur ofan á grunngjald taki mið af einföldum mælikvörðum sbr framangreint.

Ennfremur er tekið undir umsögn Sambands Íslenskra Sparisjóða um frumvarpið.

SPSH lýsir vilja til að skýra nánar hugmyndir sínar varðandi það hvernig réttast og sanngjarnast væri að standa að útreikningum á gjaldtöku TIF af fjármálafyrirtækjum.

SPSH telur að fyrra fyrirkomulag hafi leitt af sér órökrétta og ósanngjarna aðferð við að meta áhættu TIF af hverri innlánsstofnun fyrir sig.

F.h. Sparisjóðs Höfðhverfinga



Örn Arnar Óskarsson